



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

September 2008 nr. 149

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Njörður Sigurðsson

njordur@hive.is

HVAÐ ER AÐ ÓTTAST? / HVAD ER ANDÓF?

HÁDEGISFUNDARÖÐ SAGNFRÆÐINGAFÉLAGSINS HEFST 16. SEPTEMBER

Hádegisfundaröð Sagnfræðingafélagsins verður haldin í fundarsal Þjóðminjasafnsins annan hvern þriðjudag í vetur líkt og síðustu ár. Þetta er í 11. sinn sem hádegisfundaröðin er haldin. Á kvöldfundum sem haldinn var í vor í tilefni af 10 ára afmæli fundaraðarinnar kom fram að þrátt fyrir ýmsar breytingar á tilhögun nýtur hún stöðugra vinsælda og á dyggan hóp fastagesta.

Skiptar skoðanir eru þó enn um hvort fyrirlestraröðin eigi að huga að málefnum sem höfða sérstaklega til sagnfræðinga eða til breiðari hóps. Þeim tveimur viðfangsefnum hádegisfundanna sem valin voru í ár er ætlað að höfða til leikra sem lærðra. Hins vegar verður fjallað um sértækari viðfangefni á kvöldfundum í vetur.

Yfirskrift haustmisseris er *Hvað er að óttast?* Björn Bjarnason dómsmálaráðherra opnar haustdagskrána 16. september með fyrirlestri sem ber titilinn „Kalda stríðið – dómur sögunnar“. Stjórn sagnfræðingafélagsins sótti sérstaklega eftir erindi frá Birni í ljósi umræðu innan stéttarinnar um hleranir stjórnvalda í kalda stríðinu og viðbrögð við þeim upplýsingum sem rannsóknir sagnfræðinga hafa leitt í ljós. Það er okkur því sérstök ánægja að Björn þáði boð félagsins um að eiga þetta stefnumót við sagnfræðinga og vonast stjórnin til þess að sem flestir þeirra noti tækifærið til að ræða þessi málefni.

Septembermánuður verður helgaður kalda stríðinu en því næst mun margt af okkar færesta fræðafólki fjalla um óttann við efnahagskreppur, sjúkdóma, útlendinga og geðsjúklinga. Kristín Loftsdóttir heldur síðasta erindið undir yfirskriftinni *Hvað er*

á óttast?. Erindi hennar ber titilinn „Framandi trú og kristnar rætur Íslands - Óttinn við að glata íslenskri menningu í fjölmennningarlegu samfélagi“.

Eftir áramót verður fjallað um *Hvað er andóf?* Andóf hefur verið í deiglu að undarförnu sökum þess að það hefur færst mjög í vöxt á síðustu árum eftir tímabil talsverðrar andúðar í garð mótmæla og mótmælenda. Því er kjörið að skoða andóf í sögulegu ljósi enda hafa sagnfræðingar lagt sitt af mörkum til rannsókna á helstu átakamálum sögunnar.

Kjartan Ólafsson, fyrrverandi þingmaður og ritstjóri *Þjóðviljans*, opnar síðari hluta fyrirlestraðarinnar. Fyrirlestur hans ber titilinn „Hetjudáð eða hermdarverk?“ og mun hann fjalla um andóf í kalda stríðinu út frá vinstri væng stjórnmalanna. Því næst velta fræðimenn úr ýmsum fræðigreinum upp ólíkum hliðum andófsins og kryfja málið til mergjar, allt frá þönki til réttarríkisins.

Verkefni vetrarins er að varpa sögulegu ljósi á tvö af helstu hitamálum samtímans og fyrirlestraröðin því afar spennandi. Vetrardagskrá Sagnfræðingafélagsins í heild fylgir fréttabréfinu en ítarlegri lýsing á efni hvers erindis verður send á Gammabrekku og til fjölmiðla. Að erindum loknum verður hægt að hlusta á þau í hlaðvarpi Sagnfræðingafélagsins á heimasíðu félagsins.

Íris Ellenberger, formaður

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Aðalfundur

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands var haldinn í húsi Sögufélags laugardaginn 8. mars sl. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf undir fundarstjórn Guðmundar Jónssonar. Formaður, Hrefna M. Karlsdóttir, kynnti ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2007-2008. M.a. þess sem formaður drap á í ársskýrslu sinni var landsbyggðarráðstefnan, hádegisfyrirlestrar, kvöldfundur með Sögufélaginu, fundur um ævisagnaritun, bókafundur og Norræna sagnfræðingapingið. Var ársskýrslan borin upp til atkvæða og samþykkt einróma. Magnús Lyngdal Magnússon, gjaldkeri, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins sem jafnframt voru samþykktir einróma. Engar tillögur að lagabreytingum höfðu borist stjórninni og því eru lög félagsins óbreytt.

Breytingar urðu á stjórn félagsins. Hrefna M. Karlsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formannssetu. Í hennar stað var Íris Ellenberger kosinn formaður. Íris lauk M.A. prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands haustið 2006 og stundar nú doktorsnám við sama skóla. Magnús Lyngdal Magnússon sem verið hefur gjaldkeri félagsins sl. ár óskaði eftir lausn frá embætti. Stjórnarmenn eru að öllu jöfnu kosnir til tveggja ára í senn, að undanskildum formanni sem kosinn er til eins árs, og því var Valur Freyr Arnarsson kjörinn í stað Magnúsar til eins árs. Þá lauk Bragi Þorgrímur Ólafsson sinni stjórnarsetu en hann hefur verið ritstjóri fréttabréfs félagsins frá 2003. Njörður Sigurðsson var kosinn í hans stað. Gísli Gunnarsson gaf kost á sér áfram sem annar skoðunarmaður reikninga félagsins en Arnþór Gunnarsson ekki. Í hans stað var kjörin Sesselja Magnúsdóttir. Landsnefnd sagnfræðinga verður óbreytt næsta starfsár en þar sitja Halldór Bjarnason og Sigrún Sigurðardóttir. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um hækkun á árgjaldi í kr. 2.800.

Eftir fundarhlé flutti nýkjörinn formaður félagsins erindið „Íslandsmyndir 1916-1966. Myndefni, ímyndir og raunveruleiki“. Að fundinum loknum var haldið á veitingastað í miðbænum.

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands 2008-2009

Íris Ellenberger, formaður
Guðbrandur Benediktsson, varaformaður
Þórunn Guðmundsdóttir, ritari
Valur Freyr Arnarsson, gjaldkeri
Njörður Sigurðsson, ritstjóri fréttabréfs
Unnur María Bergsveinsdóttir, vefstjóri
Brynhildur Einarsdóttir, meðstjórnandi

Fréttabréf í aldarfjórðung

Í nóvember verða liðin 25 ár síðan fyrsta Fréttabréf Sagnfræðingafélags Íslands kom út. Það var Eggert Þór Bernharðsson sem átti frumkvæði af útgáfunni og var hann jafnframt fyrsti ritstjóri fréttabréfsins. Hugmyndin með útgáfu fréttabréfsins var að styrkja tengsl og efla liðsanda meðal félagsmanna. Auk þess er fréttabréf handhægur og einfaldur miðill til að koma upplýsingum til félagsmanna. Fréttabréfið hefur alla jafna verið fjórar til átta blaðsíður að lengd, en hefur þó einstaka sinnum farið yfir 20 síður. Í gegnum tíðina hefur bréfið komið að meðaltali fjórum til fimm sinnum á ári. Árin 1983-2000 var fréttabréfið í A5 stærð, með einstaka undantekningum en stundum var blaðið gefið út í A4 stærð. Frá árinu 2000 hefur stærð blaðsins verið B5. Aðferðir við uppsetningu fréttabréfsins hafa einnig breyst. Á fyrstu árunum voru lím og skæri helstu verkfæri við umbrot fréttabréfsins en nú er það sett upp í sérstöku umbrotsforriti. Á vefsíðu Sagnfræðingafélagsins má nálgast fréttabréf frá árinu 2003 í pdf-formi.

(Heimildir: *Íslenskir sagnfræðingar*. Fyrri bindi. Sagnfræðingatal og saga Sagnfræðingafélags Íslands. Ritstjórar: Ívar Gissurarson, Páll Björnsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Steingrímur Steinþórsson. Reykjavík 2006, bls. 354. -Vefsíða Sagnfræðingafélags Íslands www.sagnfraedingafelag.net.)

Vefsíða Sagnfræðingafélagsins

Félagsmenn eru hvattir til þess að fylgjast með vefsíðu Sagnfræðingafélagsins en þar má finna upplýsingar um starfsemi félagsins, t.d. tilkynningar, fréttir, gömul fréttabréf og hljóðupptökur hádegisfyrirlestra fljótlega eftir að þeir hafa verið fluttir. Vefsíðan er www.sagnfraedingafelag.net.

WWW. SAGNFRAEDINGAFELAG.NET

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Sagnfræðingafélagið og ímynd Íslands

Í byrjun sumars sendi stjórn Sagnfræðingafélagsins bréf til Geirs H. Haarde og Svöfu Gröndfeldt varðandi skýrslu nefndar forsætisráðherra um ímynd Íslands. Nefndinni, sem var skipuð í nóvember 2007, var ætlað að „gera úttekt á skipan ímyndarmála Íslands í dag, móta stefnu Íslands í þessum málaflokki og leggja fram tillögur að skipulagi ímyndarmála og aðgerðum til að styrkja ímynd Íslands“. Var nefndin hvött til að leita ráðgjafar „hjá aðilum í atvinnu- og menningarlífi sem hafa með ímyndarmál Íslands að gera“.

Skýrsla nefndarinnar kom út í apríl 2008 en nokkur tími leið frá því að skýrslan kom út og vakin var athygli stjórnar Sagnfræðingafélagsins á því að sú söguskoðun sem stóð til að byggja ímyndina á væri ekki í takt við fræðilegar rannsóknir. Á eftirfarandi setningum þótti augljóst að sagnfræðingar eru ekki meðal þeirra „aðila í atvinnu- og menningarlífi“ sem nefndin er hvött til að leita til:

Fyrstu Íslendingarnir voru fólk sem kom hingað í leit að frelsi og betri lífsskilyrðum. Þjóðin bjó lengstum við kröpp kjör en þegar hún fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld.

Slík söguskoðun myndi alla jafna ekki koma á óvart þegar rætt er um ímynd landsins enda er samband ímynda og staðreynda byggt á sandi. Það sem vakti athygli stjórnar Sagnfræðingafélagsins var að samkvæmt nefndinni getur ímyndarsköpunin aðeins orðið árangursrík svo fremi að hún sé byggð „á einkennum lands og þjóðar sem eru sönn eða „ekta“ og eiga sér djúpar rætur“. Stjórninni þótti því við hæfi að benda forsætisráðherra og formanni nefndarinnar á þessa mótsögn og jafnframt að meintur „sannleiki“ skýrslunnar væri í besta falli umdeildur.

Athugasemdir stjórnarinnar hlutu nokkra umfjöllun og fulltrúar annarra starfsstétta tóku í sama streng, t.a.m. nokkrir listamenn og rithöfundar. Svafa Gröndfeldt sagði hins vegar í viðtali við *Morgunblaðið* að ekki stæði til að endurskoða skýrsluna sökum þess að niðurstöður hennar væru byggðar á niðurstöðum rýnihópa og hringborðsumræðna. Þær endurspegluðu sjálfsmynd Íslendinga og því teldist söguskoðunin sönn og ekta. Svipaðar hugmyndir komu fram í svari Svöfu til stjórnar Sagnfræðingafélagsins dagsettu 24. júní 2008. Þar teflir hún sjálfsskilningi fram gegn vísindalegum rannsóknum og kemst að þeirri niðurstöðu að sann-

leikans sé frekar að leita hjá því fyrrnefnda.

Harðasta gagnrýnin á bréf félagsins kom frá Guðmundi Andra Thorssyni. Í grein sem birtist í *Fréttablaðinu* 14. júlí sl. gagnrýndi hann bæði ímyndarskýrsluna sem og viðbrögð stjórnar Sagnfræðingafélagsins, sér í lagi notkun þess á hugtaki „goðsagnir“ sem og þær ábendingar stjórnarinnar að frelsisþrá landnámsmanna og ný gullöld þjóðarinnar samfara sjálfstæði eigi ekki við óyggjandi rök að styðjast. Hins vegar virðist honum hafa yfirsést kjarnann í gagnrýni félagsins. Gagnrýni félagsins fól augljóslega ekki í sér skoðun stjórnarmeðlima á ágæti goðsagna eða hvata fyrir flutningum einstakra landnámsmanna heldur ábendingu um að 30 ára gömul söguskoðun samræmdest ekki hugmyndum nefndarmanna um sönn eða „ekta“ einkenni lands og þjóðar. Stjórninni þótti því ekki ástæða til að svara þessari gagnrýni Guðmundar Andra. Umræðu um ímyndarsmíðina hafði verið hrundið af stað. Nokkrir sagnfræðingar tóku þátt í henni, m.a. Stefán Pálsson og Sverrir Jakobsson. Sverrir bendir réttilega á í grein í *Fréttablaðinu* 29. júlí sl. að sú söguskoðun sem kemur fram í skýrslunni er ekki aðeins arfleifð frá sjálfstæðisbaráttunni heldur eigi hugmyndir um að Ísland hafi tekið „stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi“ rætur sínar að rekja til samtímans.

Við það má bæta að gömul þemu um gullöld að fengnu sjálfstæði hafa verið endurunnin til að mæta þörfum Íslendinga samtímans. Niðurstöður rýnihópa og hringborðsumræðna benda til þess að rannsóknir sagnfræðinga hafi ekki ratað sem skyldi í almenna þekkingu meðal þjóðarinnar enda samkeppnin mikil. Landkynningarfrömuðir og stjórnmálamenn fortíðar og nútíðar hafa keppst við að skapa landinu neytendavæna ímynd sem beinist ekki bara út á við heldur einnig inn á við, að Íslendingum sjálfum. Vísindalegar rannsóknir eru ef til vill of brotakenndar og fræðafólk of meðvitað um fallvaltleika sannleikshugtaksins til að skapa hentuga frásögn til höfuðs þeirri sem er sjónvarpað og útvarpað af markaðsöflunum. En þegar ímyndarsköpun hins opinbera felur í sér að huglæg mat sé í sannleikans nafni tekið fram yfir sagnfræðirannsóknir síðustu áratuga er nauðsynlegt fyrir fræðasamfélagið að andæfa og benda á þær augljósu mótsagnir sem slík ímynd felur í sér.

Íris Ellenberger, formaður

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun – útgáfa hádegisfyrirlestra

Eins og flestum sagnfræðingum ætti að vera kunnugt, náði hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands fyrir skemmstu þeim merka áfanga að verða tíu vetra, sem má kalla merkileg tímamót. Upphafsmenn þessara fyrirlestra voru þeir Árni Daníel Júlíusson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon. Hugmyndin hjá þeim var að mynda vettvang fyrir fjölbreytta fræðilega umræðu á sviði sagnfræði og kynna jafnframt fyrir sagnfræðingum viðfangsefni fólks úr öðrum fræðigreinum. Segja má að þessi hugmynd hafi tekist vel, því eflaust er þetta með langlífustu og best sóttu fyrirlestraröðum sem nokkurt fræðafélag stendur fyrir og er jafnframt eitt af aðalsmerkjum félagsstarfs Sagnfræðingafélags Íslands. Eins og komið hefur fram í Fréttabréfi og einnig í sögu félagsins, þá hafa fyrirlestrarnir verið fjölmargir og fjölbreyttir.

Einhverjir þeirra fyrirlestra sem hafa verið fluttir, hafa jafnframt verið gefnir út á prenti, en þar má nefna fyrirlestraröðina *Hvað er borg?* er gefin var út í ritinu *Borgarbrot, 16 sjónarhorn á borgarsamfélagið*. Þá ákvað félagið að standa fyrir útgáfu hádegisfyrirlestra sem fluttir voru veturinn 2006-2007, en efni þess vetrar var spurningin *Hvað er sagnfræði?* Alls voru fluttir átján fyrirlestrar þennan vetur og fjórtán þeirra voru birtir í ritinu *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun*. Höfundar þeirra eru Þórarinn Eldjárn, Árni Daníel Júlíusson, Sigrún Sigurðardóttir, Agnes Arnórsdóttir, Guðmundur Jónsson, Þorsteinn Helgason, Róbert Haraldsson, Sverrir Jakobsson, Súsanna Margrét Gestsdóttir, Ágúst Guðmundsson, Gísli Sigurðsson, Eggert Þór Bernharðsson, Ævar Kjartansson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Umsjón með útgáfunni höfðu fundarstjórar þessa vetrar, þeir Guðbrandur Benediktsson og Guðni Th. Jóhannesson ásamt Steingrími Steinþórssyni og Ívari Gissurarsyni hjá Skruddu. Það var ánægjulegur áfangi að koma þessu riti út á vordögum 2008. Í kjölfar útgáfunnar og í tilefni áðurnefndra tímamóta þótti við hæfi að líta yfir farinn veg í þessum efnunum og velta jafnframt fyrir sér framtíð hádegisfyrirlestranna. Því var boðað til félagsfundar að kvöldi jarðskjálftadagsins mikla, 29. maí, í húsnæmnum Sögufélags.

Hugmyndin var sú að á þessum fundi gæfist færi á að ræða vítt og breitt um hádegisfyrirlestrana og gekk það eftir. Fundargestir voru um 20 talsins og frummælendur voru ekki af verri endanum. Sigurður Gylfi Magnússon rakti sögu hádegisfunda Sagnfræðingafélagsins og margt fróðlegt koma fram í erindi hans. Þá rýndi Hrefna Róbertsdóttir í hið nýútkomna rit, var hún að mestu ánægð með útkomuna og fagnaði hún mjög útgáfu af þessu tagi. Í kjölfarið fóru fram umræður þar sem menn veltu upp ýmsum spurningum og skiptust á skoðunum. Meðal spurninga sem var varpað fram voru þær hvers virði fyrirlestraröðin er inná við, fyrir hinn almenna félagsmann og hvers virði er hún út á við, fyrir umræðu í samfélaginu um sagnfræðilega viðfangsefni? Það virðist mál manna að fyrirlestraröðin sé eitt aðalsmerki félagsins sem bæði vekur athygli og áhuga á félaginu og fræðigreininni. Hins vegar má velta fyrir sér hvort hún taki of mikinn tíma og orku frá öðrum félagsstörfum og veltu fundarmenn því fyrir sér hvort hún skyggði á aðra starfsemi félagsins, s.s. kvöldfundi. Skiptar skoðanir voru um það, en stjórn félagsins var hvött til að sinna sem fjölbreyttustu félagsstarfi, m.a. með kvöldfundum og málþingum. Nokkuð var rætt um það hvort félagið hafi fjarlægst upprunalega hugmynd og fyrirkomulag varðandi fyrirlestrana. Í máli Sigurðar Gylfa koma fram að fundirnir hafi upphaflega verið byggðir upp á stuttum fyrirlestri, þar sem menn sendu inn útdrátt fyrir flutning, umræður voru iðulega undirbúnar og að sama skapi fjörugar. Þótti fundarmönnum það fýsilegt að halda lengd fyrirlestra innan hæfilegra marka, svo tími fyrir umræður yrði góður. Að sjálfsögðu eru skoðanir skiptar um einstaka atriði varðandi hádegisfyrirlestrana; fyrirkomulag, efnisval og einstaka fyrirlesara, en í stórum dráttum eru menn ánægðir með það hvernig til hefur tekist. Þó ekki hafi verið nein afgerandi niðurstaða fundarins, er það mat undirritaðs að ekki þyki ástæða til þess að víkja af þeirri braut sem mörkið hefur verið undarnfarin tíu ár, heldur byggja á þeim ágæta grunni sem þegar hefur verið lagður.

Ritið *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun* fæst í öllum betri bókabúðum. Leiðbeinandi verð kr. 1.780.

Guðbrandur Benediktsson, varaformaður

HVAÐ ER AÐ ÓTTAST? / HVAÐ ER ANDÓF?

DAGSKRÁ HÁDEGISFUNDA VETRARINS 2008-2009

2008 - Hvað er að óttast?

16. september

Björn Bjarnason: *Kalda stríðið - dómur sögunnar.*

30. september

Guðni Th. Jóhannesson: „*Með því að óttast má ...*“ *Ástæður símhlerana í kalda stríðinu.*

14. október

Guðmundur Jónsson: „*Hallærasamt land en þó ekki óbyggjandi.*“ *Um efnahagskreppur á Íslandi og óttann við þær.*

28. október

Viggó Ásgeirsson: *Óttinn við sjúkdóma: Spænska veikin og fuglaflensan.*

11. nóvember

Hallfríður Þórarinsdóttir: *Júðar, negrar og tataralýður – ótti, ógn og meintir útlenskir óvinir Íslands.*

25. nóvember

Óttar Guðmundsson: „*Best værirðu geymdur á Kleppi!*“ *Fordómar gegn geðsjúkum á liðinni öld.*

9. desember

Kristín Loftsdóttir: *Framandi trú og kristnar rætur Íslands: Óttinn við að glata íslenskri menningu í fjölmenningslegu samfélagi.*

2009 - Hvað er andóf?

20. janúar

Kjartan Ólafsson: *Hetjudáð eða hermdarverk?*

3. febrúar

Lára Magnúsardóttir: *Ótti við andóf veldur andófi og ótta.*

17. febrúar

Árni Daníel Júlíusson: *Andóf í akademíunni.*

3. mars

Jón Ólafsson: *Þversögn andófsins.*

17. mars

Anna Agnarsdóttir: *Stjórnarbylting á Íslandi 1809: Stóð Íslendingum á sama?*

31. mars

Sigurður Líndal: *Andófið gegn Atlandshafsbandalaginu 30. marz.*

14. apríl

Unnur María Bergsveinsdóttir: „*Loksins ertu sexí!*“ *Íslenskur menningararfur í meðförum pönkara.*

28. apríl

Ragnar Aðalsteinsson: *Þýðing andófs fyrir lýðræðislega þróun réttarins.*

Hádegisfundirnir eru í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands og standa á milli 12:05 og 13:00

FRÁ FÉLAGI UM ÁTJÁNDU ALDAR FRÆÐI

Starfsemi *Félags um átjándu aldar fræði* hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum. Frá sl. hausti til vors voru haldin þrjú málþing í Reykjavík og árleg sumarferð félagsins var farin um Snæfellsnes með viðkomu í Hítardal. Afráðið er að færa út kvíarnar nú í haust og á vori komanda og efna til málþings bæði norðan heiða og á Laugarvatni auk þess sem málþing fara að vanda fram í Reykjavík.

Málþing verður haldið á Akureyri í samvinnu við Sagnfræðingafélag Akureyrar laugardaginn 4. október kl. 13:00–17:00. Það fer fram í Akureyrarakademiunni, Þórunnarstræti 99, og ber yfirskriftina *Af sögu Norðurlands á átjándu og nítjándu öld*. Erindi flytja: Björn Teitsson, Bragi Guðmundsson, Eiríkur Þormóðsson, Jón Hjaltason og Jón Torfason.

Næst verður haldið málþing í Þjóðarbókhöfuð laugardaginn 25. október undir yfirskriftinni *Tengsl upplýsingar og rómantikur í íslenskri hugmyndasögu*. Þar flytja erindi: Halldór Bjarnason, Helga Birgisdóttir, Ingi Sigurðsson, Steinunn Inga Óttarsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson og Þórir Óskarsson.

Laugardaginn 14. febrúar 2009 verður efnt til málþings í Þjóðarbókhöfuð í tilefni þess að á árinu verða liðnar tvær aldir frá valdaskeiði *Jörundar hundadagakonungs* hér á landi. Erindi flytja: Anna Agnarsdóttir, Bragi Þorgrímur Ólafsson, Sigríður H. Jörundsdóttir, Sigurður Líndal og Sveinn Einarsson.

Félagið heldur svo málþing í samvinnu við Menntaskólann að Laugarvatni laugardaginn 2. maí 2009 í húsakynnum skólans. Þingið verður haldið í tilefni þess að á árinu verða liðin hundrað

ár frá fæðingu Ólafs Briem, kennara við ML og fræðimanns. Fjallað verður um eitt af rannsóknarsviðum Ólafs, *útilegumenn í sögu og bókmenntum*.

Sumarferð félagsins verður farin laugardaginn 20. júní 2009 um slóðir Fjalla-Eyvindar og Reynistaðabræðra á Kili.

Síðan 2005 hefur félagið efnt annað hvert sumar til fræðsluferða um söguslóðir erlendis. Á sumri komanda, 9.–16. ágúst, verður farið um söguslóðir í *Berlín* (þar sem gist verður allan tímann), *Dresden* og *Potsdam*.

Meðal málþinga, sem eru í undirbúningi og haldin verða frá og með hausti 2009, er þing í Reykjavík í febrúar 2011 um *Skúla Magnússon landfógeta* og umbótaskilraunir hans og framkvæmdir í íslenskum atvinnumálum, en á því ári verða liðnar þrjár aldir frá fæðingu hans.

Félagar í Félagi um átjándu aldar fræði eru nú 245 talsins. Stjórn félagsins skipa: Þóra Kristjánsdóttir formaður (thora@thjodminjasafn.is), Sigurður Pétursson varaformaður, Gunnar Örn Hannesson ritari, Helga Kristín Gunnarsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bragi Þorgrímur Ólafsson, Ingi Sigurðsson, Ólöf Garðarsdóttir, Ragnhildur Bragadóttir og Svanfríður S. Óskarsdóttir.

Vefslóð félagsins er: www.akademia.is/18.oldin. Þar birtast m.a. upplýsingar um málþing og aðra starfsemi þess. Félagið gefur út rafrænt tímarit sem ber heitið *Vefnir. Tímarit félags um átjándu aldar fræði*. Ritstjóri Vefnis er Bragi Þorgrímur Ólafsson (bragio@bok.hi.is). Vefslóð er: <http://bok.hi.is/vefnir>.

NÝLEG SAGNFRÆÐIRIT

Eftir skyldu míns embættis

Út er komin þrettánda bókin í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* og nefnist hún *Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þorlákssonar árin 1675-1697*. Í bókinni eru birtir dómar sem Þórður lét ganga á prestastefnum á Þingvöllum og í héraði og sýna þeir kirkjustjórn hans, afskipti af siðferði landsmanna og ekki síst hagi og hegðun presta á fyrrgreindu tímabili. Gunnar Örn Hannesson og Már Jónsson tóku saman. Sjá nánar www.haskolautgafan.hi.is.

Menntaspor

Í sumar kom út bókin *Menntaspor. Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*. Í bókinni er að finna á þriðja tug greina sem endurspeglar rannsóknaráherslur og áhugasvið Lofti Guttormssonar prófessors. Bókinni er skipt í þrjá hluta: Menntun og samfélag á 20. öld, Alþýðumenntun og skólamál og Fólksfjölda- og fjölskyldusaga. Höfundar eru innlendir og erlendir og eru greinar að mestu á íslensku en einnig á ensku og norðurlandamálum. Sögufélag gefur út. Sjá nánar www.sogufelag.is.

NÝLEG SAGNFRÆÐIRIT

Árnesingur

Í vor kom út *Árnesingur IX*, rit Sögufélags Árnesinga. Í ritinu að þessu sinni eru níu greinar um sögu Árnessýslu. Kristinn Kristmundsson skrifar um skólasetrið Laugarvatn, Þór Magnússon ritar minningarorð um Skúla Helgason frá Svínavatni, birt er uppskrift Hreins Erlendssonar úr prestþjónustubók Torfastaðasóknar sem hefur að geyma æviskrár dómkirkjupresta í Skálholti, birt er viðtal Björns Pálssonar við Einar Einarsson í Dalsmynni, Páll Lýðsson ritar ævisögubátt um Ásmund Gíslason bónda í Gljákoti í Stokkseyrar-

hreppi, Sigurður Pálsson á Baugsstöðum ritar tvo sagnabætti um róður frá Þorlákshöfn og ævintýri frá stríðsárunum, Helgi Ívarsson skrifar um örnefni við Hróarsholtslæk og rekur atburði honum tengda, Signý Harpa Hjartardóttir ritar um aðdraganda byggingar Ölfusárbrúar og Helgi Helgason ritar um sögu Lúðrasveitar Selfoss. *Árnesingur IX* er tileinkaður minningu Páls Lýðssonar sagnfræðings og bónda frá Litlu-Sandvík. Þetta rit og eldri árganga Árnesings má panta með því að senda tölvupóst á sogufelag.arnesinga@gmail.com.

TEKIST Á VIÐ LANGLÍFI FEÐRAVELDISINS

Dagana 11.-13. ágúst sl. var 9. ráðstefna norrænna kvenna- og kynjasögufraeðinga haldin við Háskóla Íslands í fyrsta sinn. Rúmlega 160 fræðimenn sóttu ráðstefnuna en þema hennar var Kyngervi, rými og mörk (*Gender, space and borders*).

Opnunarfyrirlestur ráðstefnunnar flutti Ida Blom, prófessor emerita við Háskólann í Bergen, en fyrirlestur hennar var jafnframt árlegur Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, sem haldinn er á vegum Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands. Ida Blom ræddi um þýðingu kynjasögurannsókna bæði í þjóðlegu samhengi og hnattrænu þar sem hún benti m.a. á möguleikana sem fælust í samانبurði Norðurlandanna.

Aðrir lykilfyrirlesarar voru Judith Bennett, prófessor við Háskólann í Suður-Kaliforníu og Ellen DuBois prófessor við Háskólann í Kaliforníu (UCLA). Í fyrirlestri sínum ræddi Bennett um femínisma og sagnfræði þar sem hún hvatti m.a. til rannsókna á langlífi feðraveldisins, eða því sem hún kallar *patriarchal equilibrium*. Ellen DuBois fjallaði um starfsemi alþjóða kvenréttindahreyfinga á fyrri hluta tuttugustu aldar, einkum hvaða aðferðum slík samtök, og einstaka konur, beittu til þess að hafa áhrif á starfsemi Þjóðabandalagsins og síðar Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna.

Í pallborði var rætt um samþættingu kvenna- og kynjasögu við hina almennu sögu og tekist á við spurninguna hvort betri árangur næðist með því að sameinast, verða hluti hins almenna, eða með því að rannsaka, skrifa og kenna kvenna- og kynjasögu í sérstökum námskeiðum, í sér tímaritum og halda sérstakar ráðstefnur.

Ótaldar eru málstofurnar og hringborðin þar sem fræðimenn ræddu rannsóknir á sviði karlmennsku, um vinnu, miðaldir, evrópska bæi og sjálfsævi-sögulegar heimildir, svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrsta ráðstefnudaginn var gestum boðið upp á göngu um kvennasöguslóðir í miðbæ Reykjavíkur en daginn eftir fóru 60 gestir til Þingvalla þar sem þeir voru fræddir um sögu staðarins með kvennasögulegu ívafi. Og þinginu lauk með mátulega formlegum hátíðarkvöldverði þar sem hver þjóð tróð uppi með frumlegt skemmtiatriði.

Við Auður Styrkárstöttir og Kristín Ástgeirsdóttir höfum unnið að undirbúningi þessarar ráðstefnu síðan 2005 og starfað í nafni þriggja stofnana, Kvennasögusafns Íslands, sem hefur undir styrkri stjórn Auðar borið hitann og þungann af undirbúningnum síðasta árið, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands. Ekki má gleyma norrænu samstarfsnefndinni sem hefur stutt okkur dyggilega, ekki síst þær Silke Neunsinger við Arbetarrörelsens arkiv och bibliotek í Stokkhólmi og Anu Lahtinen við Háskólann í Turku. Þá áttum við frá upphafi frábært samstarf við Gestamóttökuna sem sá um ýmsa praktíska hluti. Meðan ráðstefnan sjálf stóð yfir nutum við liðsinnis nokkurra stúdenta og fræðimanna, sem við kunnum bestu þakkir fyrir.

Í heildina virðumst við mega vel við una. Gestir voru alla jafna ánægðir bæði með hina andlegu næringu og ytri umgjörð ráðstefnunnar. Að sjálf-sögðu heyrðist einhvers staðar hvískur um að ótækt væri að enska væri jafn áberandi og raunin var og sögur heyrðust af fræðikonum sem í einstaka málstofum og jafnvel lykilfyrirlesturum þótti að sér og sínum fræðum vegið. En hvað væri ráðstefna án dramatíkur?

Það er von mín að í íslensku samhengi hafi þessi ráðstefna orðið hvatning til þeirra sem hafa áhuga á að rannsaka sögu kvenna og kynja.

Erla Hulda Halldórsdóttir

STAFRÆN GERÐ MANNTALA OG SKRÁNING SKJALASAFNA

Þjóðskjalasafn Íslands fékk fjárveitingu í tvö verk-efni í tengslum við mótvægisáðgerðir ríkis- stjórnarinnar vegna samdráttar í þorskafla sem kynntar voru á síðasta ári. Annars vegar er um að ræða grunn- og endurskráningu á lítt eða ó- skráðum skjalasöfnum og hins vegar stafræn gerð manntala. Með þessu verður aðgengi almennings, fræðimanna og opinberra stofnana að mikilvægum réttar- og menningarsögulegum heimildum bætt til muna. Gert er ráð fyrir að um 20 störf á ári skapist vegna þessara verkefna sem eru unnin í samstarfi við héraðsskjalasöfn úti á landi og áætla- ríkisstjórnin að verja um 240 milljónum til verkefnanna 2007-2009.

Grunn- og endurskráning á lítt eða óskráðum skjalasöfnum fer fram í Héraðsskjalasafni Ísafirð- inga, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á Sauðár- króki og Héraðsskjalasafni Þingeyinga á Húsavík.

Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði skráðir allt að 2,5 hilluklómetrar af skjölum. Manntölin eru slegin inn í miðlægan gagnagrunn á þremur stöðum á landinu, í Héraðsskjalasafni Vestmanna- eyja, í Héraðsskjalasafni Austfirðinga á Egils- stöðum og í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga á Sauðárkróki. Nú þegar hefur manntalið 1870 verið sett á vef Þjóðskjalasafns Íslands í stafrænni gerð og er þar öllum aðgengilegt. Er það fyrsta manntalið af tíu sem lokið er í sérstöku átaksverk- efni. Á næstu tveimur árum stefnir Þjóðskjalasafn að því að búa til stafrænar gerðir af 10 manntölum og setja á veraldarvefinn, þ.e. manntöl frá árunum 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901, 1910 og 1920. Á vef Þjóðskjalasafns eru nú þrjú manntöl stafræn og leitarbær með ýmsum hætti. Þau eru manntalið 1870, eins og áður sagði, ásamt manntölunum 1703 og 1835.

Sjá vefsíðu Þjóðskjalasafns, www.skjalasafn.is.

MÁLSTOFA UM HAGSÖGU - HAUSTMISSERI 2008

Málstofa um hagsögu á vegum sagnfræði- og heimspekideildar og hagfræðideildar við Háskóla Íslands verður haldin annan hvern miðvikudag á haustmisseri 2008. Umsjón með málstofunni hafa Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði (gudmjons@hi.is) og Sveinn Agnarsson, aðjúntkt í hagfræði (sveinnag@hi.is). Málstofan er í stofu 303 í Árnagarði, kl. 16.00–17.30.

Dagskrá:

17. september

Helgi Skúli Kjartansson: *Framboð og eftirspurn eftir heimilum. Heimilafjöldi og fólksfjöldapak á Íslandi*

1. október

Kristjana Kristinsdóttir: *Lén, lénsmenn og reikningshald lénsmanna frá 16. öld til 1662*

15. október

Jónas Haralz: *Forsendur viðreisnar*

29. október

Guðmundur Jónsson: *Fiskveiðipjóðir í vanda: Viðbrögð í íslenskum og norskum sjávarútvegi við kreppunni miklu 1930–1939*

12. nóvember

Magnús Sveinn Helgason: *Stöðlun vöru og verslunar. Sænskir samvinnumenn, kapítalismi og hagræð- ingarstefnan á millistríðsárunum*

26. nóvember

Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Kjör hinna bágstöddustu á Íslandi í samanburði við önnur lönd 1995-2004*

Allir velkomnir!

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Prentmet.

Efni í fréttabréfið má senda á njordur@hive.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
